

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1943****2021/EES/55/10****frá 14. júlí 2016****um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um upplýsingar og kröfur fyrir starfsleyfi verðbréfafyrirtækja (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að framkvæma ítarlegt mat sem hluta af ferlinu við að samþykkja og synja beiðnum um starfsleyfi verðbréfafyrirtækja, ætti að gera þá kröfu að umsækjandi leggi nákvæmar upplýsingar fyrir lögbæra yfirvaldið þegar upphafleg beiðni um starfsleyfi er lögð fram. Lögbært yfirvald ætti að hafa rétt til að óska eftir viðbótarupplýsingum frá umsækjandanum meðan á matsferlinu stendur í samræmi við viðmiðin og tímalínumar sem settar eru fram í tilskipun 2014/65/ESB.
- 2) Til að tryggja að mat lögbæra yfirvaldsins sé byggt á nákvæmum upplýsingum er nauðsynlegt að umsækjandi útvegi afrit af stofngögnum sínum, þ.m.t. staðfest endurrit af stofnsamningnum, lögum félagsins og samþykktum og afrit af skráningu fyrirtækisins í landsbundna fyrirtækjaskrá.
- 3) Umsækjandi ætti að leggja fram upplýsingar um tiltækar fjármögnunarleiðir, þ.m.t. aðferðirnar sem notaðar eru við fjármagnsflutninga þegar fjármagns er aflað, til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að meta hvort öllum viðkomandi kröfum á sviði fjármálaglæpa hefur verið hlítt.
- 4) Þegar nýlega stofnuð fyrirtæki leggja fram umsókn getur verið að þau séu aðeins í aðstöðu til að veita upplýsingar um hvernig fjármagns verður aflað og um tegund og fjárhæð fjármagns sem aflað verður. Gögn um innborgað hlutafé og aðrar tegundir fjármagns sem aflað er ásamt upplýsingum um fjármögnunarleiðir ætti þó að veita lögbæru yfirvöldunum, í því skyni að fá starfsleyfi, áður en starfsleyfið er veitt. Slík gögn geta verið afrit af viðkomandi fjármagnsgeningum og tilheyrandi bankayfirlit.
- 5) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að meta orðspor sérhvers einstaklings sem stjórna mun rekstri verðbréfafyrirtækisins, fyrirhugaðra hluthafa og aðila með virka eignarhluti er mikilvægt að krefjast þess að umsækjandi veiti upplýsingar um þessa aðila.
- 6) Til að meta reynslu sérhvers einstaklings sem stjórna mun rekstri verðbréfafyrirtækisins ætti umsækjandi að leggja fyrir lögbær yfirvöld upplýsingar um viðeigandi menntun, starfsþjálfun og starfsreynslu stjórnarmanna og þeirra einstaklinga sem í raun stjórna rekstrinum og tengdar valdheimildir þeirra og staðgengla.
- 7) Umsækjandi ætti að leggja fram fjárhagsupplýsingar varðandi verðbréfafyrirtækið til lögbæru yfirvaldanna svo þau geti metið fjárhagslegt heilbrigði þess verðbréfafyrirtækis.
- 8) Þar sem nýlega stofnuð fyrirtæki eru mögulega ekki í aðstöðu til að veita upplýsingar um endurskoðendur, þegar umsókn er lögð fram, ættu þessir umsækjendur að fá undanþágu frá að veita þessar upplýsingar til lögbæra yfirvaldsins, nema endurskoðendurnir hafi þegar verið skipaðir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 276, 26.10.2017, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

- 9) Upplýsingar sem skipta máli fyrir mat á stjórnskipulagi verðbréfafyrirtækisins ættu að taka til upplýsinga um innra eftirlitskerfi, ráðstafanir til að greina hagsmunaráreksstra og fyrirkomulag til að vernda eignir viðskiptavina, til að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að meta hvort það verðbréfafyrirtæki getur uppfyllt skuldbindingar sínar skv. 16. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.
- 10) Lögbær landsyfirvöld geta veitt einstaklingi eða lögaðila sem stjórnað er af einum einstaklingi starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki. Því er rétt að setja fram starfsleyfiskröfur sem gilda um stjórnun verðbréfafyrirtækja sem eru einstaklingar eða lögaðilar sem stjórnað er af einum einstaklingi.
- 11) Til að skapa réttarvissu, skýrleika og fyrirsjáanleika að því er varðar starfsleyfisferlið þykir rétt að viðmiðin sem lögbær yfirvöld nota til að meta hæfi hluthafa eða aðila með virka eignarhluti, þegar verðbréfafyrirtæki er veitt starfsleyfi, séu sömu viðmið og sett eru fram í 13. gr. tilskipunar 2014/65/ESB fyrir matið á fyrirhugaðri öflun eignahlutar. Lögbær yfirvöld ættu einkum að meta hæfi hluthafa eða aðila með virka eignarhluti og fjárhagslegt heilbrigði fyrirtækisins með því að taka tillit til viðmiða sem varða orðspor, reynslu einstaklinganna sem stjórna rekstri verðbréfafyrirtækisins og fjárhagslegs heilbrigðis fyrirtækisins.
- 12) Til að greina hindranir sem gætu komið í veg fyrir skilvirkt eftirlit ættu lögbær yfirvöld að taka til athugunar flækjustig og gagnsæi í skipulagi samstæðu verðbréfafyrirtækis, landfræðilega staðsetningu aðilanna í samstæðunni og starfsemina sem aðilar samstæðunnar annast.
- 13) Ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ⁽¹⁾ gilda um vinnslu aðildarríkjanna á persónuupplýsingum þegar þessari reglugerð er beitt.
- 14) Til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa virkni fjármálamarkaða er nauðsynlegt að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tengd innlend ákvæði sem leiða í lög tilskipun 2014/65/ESB komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 15) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 16) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur, í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽²⁾, haft opið samráð við almenning, greint mögulegan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahóps á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. þeirrar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Almennar upplýsingar

Umsækjandi um starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki í samræmi við II. bálk tilskipunar 2014/65/ESB skal leggja fram umsókn hjá lögbæru yfirvaldi sem hefur að geyma eftirfarandi almennar upplýsingar:

- a) nafn hans (þ.m.t. lögheiti og öll önnur viðskiptaheiti sem notuð verða), rekstrarform að lögum (þ.m.t. upplýsingar um hvort um verður að ræða lögaðila eða, þar sem heimilt er að landslögum, einstakling), heimilisfang höfuðstöðva og, fyrir fyrirtæki sem þegar eru starfandi, skráða skrifstofu, samskiptaupplýsingar, landsbundið auðkennisnúmer, ef tiltækt er, og:
 - i. fyrir innlend útibú: upplýsingar um hvar útibúin munu starfa,
 - ii. fyrir innlenda einkaumboðsmenn: nánari upplýsingar um áform um að nota einkaumboðsmenn,

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- b) lista yfir fjárfestingarþjónustu og -starfsemi, viðbótarþjónustu og fjármálagerninga sem boðin verða og hvort fjármálagerningar og fjármunir viðskiptavina verða varðveittir (jafnvel tímabundið),
- c) afrit af stofngögnum og gögnum um skráningu hjá fyrirtækjaskrá viðkomandi lands, eftir atvikum.

2. gr.

Upplýsingar um fjármagn

Umsækjandi um starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki í samræmi við II. bálk tilskipunar 2014/65/ESB skal veita lögbæra yfirvaldinu upplýsingar og, ef tiltæk eru, gögn um þær fjármögnunarleiðir sem honum eru færar. Þessar upplýsingar skulu fela í sér:

- a) nánari upplýsingar um notkun á einkafjármagni, þ.m.t. um uppruna og hvort þeir fjármunir eru tiltækir,
- b) nánari upplýsingar um aðgang að fjármögnunarleiðum og fjármálamörkuðum, þ.m.t. um fjármálagerninga sem hafa verið gefnir út eða fyrirhugað er að gefa út,
- c) upplýsingar um hvert samkomulag og samning sem skiptir máli að því er varðar fjármagn sem aflað er,
- d) upplýsingar um notkun eða áformaða notkun á lánsfé, þ.m.t. nöfn viðkomandi lánveitenda og nánari upplýsingar um þær fyrirgreiðslur sem veittar eru eða vænst er að veittar verði, þ.m.t. lokagjalddaga, skilmála, veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar, ásamt upplýsingum um uppruna lánsfjárins (eða fjár sem til stendur að taka að láni) sé lánveitandinn ekki eftirlitsskyld fjármálastofnun,
- e) nánari upplýsingar um aðferðir til flutninga fjármuna til fyrirtækisins, þ.m.t. netkerfisins sem notað verður til að flytja slíkt fé.

Að því er varðar b-lið skulu upplýsingar um tegund fjármagns sem aflað er miðast við, ef við á, þær tegundir fjármagns sem tilgreindar eru í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, sérstaklega hvort fjármagnið felur í sér liði í almennu eigin fé þáttar 1, liði í viðbótar eigin fé þáttar 1 eða þáttar 2.

3. gr.

Upplýsingar um hluthafa

Umsækjandi um starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki í samræmi við II. bálk tilskipunar 2014/65/ESB skal veita lögbæra yfirvaldinu eftirfarandi upplýsingar um hluthafa sína:

- a) skrá yfir aðila með beinan eða óbeinan virkan eignarhlut í verðbréfafyrirtækinu og stærð þessara eignarhluta og, fyrir óbeina eignarhluti, nafn aðilans sem eignarhald hlutarins liggur gegnum og nafn endanlegs eiganda,
- b) fyrir aðila með virkan eignarhlut (beinan eða óbeinan) í verðbréfafyrirtækinu, gögnin sem fyrirhugaðir kaupendur þurfa að leggja fram vegna öflunar og aukningar á virkum eignarhlutum í verðbréfafyrirtækjum í samræmi við 3., 4. og 5. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1946 frá 11. júlí 2017 um viðbætur við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB og 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tæmandi lista yfir upplýsingar sem fyrirhugaðir kaupendur láta fylgja með í tilkynningu um fyrirhugaða öflun á virkum eignarhlut í verðbréfafyrirtæki ⁽¹⁾,
- c) fyrir hluthafa sem eru fyrirtæki og hluti af samstæðu, skipurit samstæðunnar sem sýnir meginstarfsemi hvers fyrirtækis innan hennar, tilgreiningu á öllum eftirlitsskyldum aðilum innan samstæðunnar og heiti viðkomandi eftirlitsyfirvalda og sambandið á milli fjármálastofnana í samstæðunni og annarra aðila í samstæðunni sem ekki eru fjármálastofnanir.
- d) Sé aðili með virkan eignarhlut ekki einstaklingur skulu gögnin, að því er varðar b-lið, einnig taka til allra stjórnarmanna og framkvæmdastjórnans eða annars einstaklings sem gegnir sambærilegri stöðu.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 276, 26.10.2017, bls. 32.

4. gr.

Upplýsingar um stjórn og einstaklinga sem stjórna rekstrinum

Umsækjandi um starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki í samræmi við II. bálk tilskipunar 2014/65/ESB skal veita lögbæra yfirvaldinu eftirfarandi upplýsingar:

- a) að því er varðar stjórnarmenn og einstaklinga sem í reynd stjórna rekstrinum og tengdar valdheimildir þeirra og staðgengla:
- i. persónuupplýsingar sem samanstanda af nafni einstaklingsins, fæðingardegi og -stað, landsbundnu auðkennisnúmeri, ef tiltækt er, heimilisfangi og samskiptaupplýsingum,
 - ii. stöðuna sem einstaklingurinn gegnir/mun gegna,
 - iii. ferilskrá sem tilgreinir viðeigandi menntun og starfsþjálfun, starfsreynslu, þ.m.t. nöfn allra stofnana og fyrirtækja sem einstaklingurinn hefur starfað hjá og eðli og tímalengd starfanna sem hann gegndi, einkum starfa á sama sviði og staðan sem sóst er eftir; að því er varðar stöður sem viðkomandi gegndi á undangengnum 10 árum skal í lýsingu þeirra starfa veita nánari upplýsingar um allar valdheimildir og innra ákvarðanatökuvald sem viðkomandi hafði og þau svið starfseminnar sem heyrðu undir stjórn viðkomandi,
 - iv. skjöl sem varða orðspor og reynslu einstaklingsins, einkum lista yfir umsagnaraðila, þ.m.t. samskiptaupplýsingar og meðmælabréf,
 - v. sakavottorð og upplýsingar um sakamál sem hafa verið rannsökuð eða einka- og stjórnarsýslumál sem hafa verið höfðuð og máli skipta og viðurlög sem viðkomandi hefur verið beittur (þ.m.t. sviptingu á rétti til að gegna stjórnunarstöðu hjá fyrirtæki, gjaldþrot, ógjaldfærni og svipuð ferli), á formi opinbers vottorðs (ef og að svo miklu leyti sem það er tiltækt frá viðkomandi aðildarríki eða þriðja landi), eða á formi annars jafngilds skjals; sé um að ræða yfirstandandi rannsókn er heimilt að veita upplýsingarnar að viðlögðum drengskap,
 - vi. upplýsingar um synjun skráningar, heimildar, aðildar eða starfsleyfis til að stunda viðskipti, rekstur eða starf, eða afturköllun, ógildingu eða uppsögn slíkrar skráningar, heimildar, aðildar eða starfsleyfis eða brottvísun af hálfu eftirlitsaðila, ríkisstofnunar, fagfélags eða samtaka,
 - vii. upplýsingar um brottvikningu úr starfi eða trúnaðarstöðu, uppsögn umboðsskyldusambands, eða svipaðar aðstæður,
 - viii. upplýsingar um hvort mat á orðspori og reynslu sem kaupanda eða sem einstaklings sem stjórnar rekstri hafi þegar farið fram (þ.m.t. dagsetning matsins, viðkomandi yfirvald og gögn um niðurstöðu matsins),
 - ix. lýsingu á öllum fjárhagslegum og ófjárhagslegum hagsmunum eða tengslum einstaklingsins og nánustu ættingja hans við þá sem sitja í stjórn eða gegna lykilhlutverki hjá sama fyrirtæki, móðurfyrirtæki og dótturfélögum og við hluthafa,
 - x. nánari upplýsingar um niðurstöðu alls mats á hæfi stjórnarmanna sem umsækjandinn framkvæmir sjálfur,
 - xi. upplýsingar um lágmarkstíma sem einstaklingurinn mun verja til að sinna skyldum sínum innan fyrirtækisins (á ári og mánaðarlega),
 - xii. upplýsingar um mannauð og fjármagn sem verður varið til aðlögunar og þjálfunar aðilanna (á ári),
 - xiii. listi yfir núverandi stjórnarsetu einstaklingsins, þ. á m. sem starfandi stjórnarmaður.

Að því er varðar ix. lið a-liðar teljast hagsmunir á borð við lánastarfsemi, ábyrgðarskuldbindingar og veðsetningar til fjárhagslegra hagsmuna en til ófjárhagslegra hagsmuna teljast hagsmunir á borð við fjölskyldutengsl og nán tengsl,

- b) starfsfólk í innri stjórnunar- og eftirlitseiningum.

5. gr.

Fjárhagsupplýsingar

Umsækjandi um starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki í samræmi við II. bálk tilskipunar 2014/65/ESB skal veita lögbæra yfirvaldinu eftirfarandi upplýsingar um fjárhagsstöðu sína:

- a) spáupplýsingar á einingagrunni og, eftir atvikum, á samstæðu- og undirsamstæðugrunni, þ.m.t.:
 - i. spár um reikningsskil fyrstu þriggja rekstrarára, þ.m.t.:
 - spár um efnahagsreikninga,
 - spár um rekstrarreikninga,
 - ii. áætlaðar forsendur ofangreindra spáa og útskýringar talna, þ.m.t. áætlaðs fjölda og tegunda viðskiptavina, áætlaðs magns viðskipta/fyrirmæla, áætlaðra eigna í stýringu,
 - iii. eftir atvikum, spáútreikninga um eiginfjárkröfur fyrirtækisins og lausafjárkröfur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ⁽¹⁾ og spáð gjaldþolshlutfall fyrir fyrsta árið,
- b) sé um að ræða fyrirtæki sem eru þegar virk, lögboðin reikningsskil, á einingagrunni og, eftir atvikum, á samstæðu- og undirsamstæðugrunni fyrir næstliðin þrjú fjárhagstímabil, samþykkt af ytri endurskoðanda ef reikningsskilin eru endurskoðuð, þ.m.t.:
 - i. efnahagsreikninginn,
 - ii. rekstrarreikninginn,
 - iii. ársskýrslur og fjárhagslega viðauka og öll önnur skjöl sem skráð eru hjá viðkomandi skráningarskrifstofu eða yfirvaldi á viðkomandi yfirráðsvæði með tilliti til reikningsskila fyrirtækisins og, eftir atvikum, skýrslu endurskoðanda fyrirtækisins um næstliðin þrjú ár eða frá upphafi starfseminnar,
- c) greiningu á umfangi samstæðueftirlits samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013, þ.m.t. nánari upplýsingar um hvaða samstæðueiningar muni falla undir samstæðueftirlitskröfur eftir starfsleyfisveitingu og á hvaða stigi innan samstæðunnar þessar kröfur muni gilda á samstæðu- eða undirsamstæðugrunni.

6. gr.

Upplýsingar um skipulag fyrirtækisins

Umsækjandi um starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki í samræmi við II. bálk tilskipunar 2014/65/ESB skal veita lögbæra yfirvaldinu eftirfarandi upplýsingar um skipulag sitt:

- a) áætlun um starfsemina í upphafi fyrir næstu þrjú ár á eftir, þ.m.t. upplýsingar um áætlaða eftirlitsskylda og óeftirlitsskylda starfsemi, nánari upplýsingar um landfræðilega dreifingu og verkefni sem verðbréfafyrirtækið hyggst ráðast í. Á meðal viðkomandi upplýsinga í áætluninni um starfsemina skulu vera:
 - i. ríki þar sem tilvonandi viðskiptavinir og fjárfestar í markhópum eru með lögheimili,
 - ii. markaðs- og kynningarstarfsemi og -fyrirkomulag, þ.m.t. tungumál útboðs- og kynningarskjala, tilgreining þeirra aðildarríkja þar sem auglýsingar verða mest áberandi og tíðastar, tegund kynningarskjala (til að meta áherslur í markaðssetningu),
 - iii. deili á aðilum sem sjá um beina markaðssetningu, fjárfestingaráðgjafa og dreifingaraðila, ásamt landfræðilegri staðsetningu starfsemi þeirra,
- b) upplýsingar um endurskoðendur fyrirtækisins, séu þær tiltækar þegar sótt er um starfsleyfi,
- c) stjórnskipulag og innri eftirlitskerfi fyrirtækisins, þ.m.t.:
 - i. persónuupplýsingar yfirmanna innri starfseininga (stjórnenda og eftirlitsaðila), þ.m.t. nákvæm ferilskrá sem tilgreinir er viðeigandi menntun, starfsþjálfun og starfsreynslu,
 - ii. lýsing á aðföngum (einkum mannauði og tæknibúnaði) sem úthlutað er til mismunandi áformaðrar starfsemi,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

- iii. í tengslum við varðveislu fjármálagerna og fjármuna viðskiptavina, upplýsingar sem tilgreina allt fyrirkomulag til verndar eignum viðskiptavina (einkum nafn vörsluaðila og tengda samninga ef fjármálagerningur og fé eru sett í vörslu),
 - iv. útskýring á því hvernig fyrirtækið mun fullnægja varfærniskröfum og kröfum um viðskiptahætti,
- d) upplýsingar um stöðu umsóknar verðbréfafyrirtækisins um aðild að tryggingakerfi fyrir fjárfesta í heimaaðildarríkinu eða gögn um aðild að tryggingakerfi fyrir fjárfesta, séu þau fyrir hendi,
 - e) skrá yfir útvistuð starfssvið, þjónustu eða starfsemi (eða þau sem fyrirhugað er að útvista) og skrá yfir gerða eða fyrirséða samninga við ytri þjónustuaðila og yfir tilföng (einkum mannauð og tæknibúnað, og innra eftirlitskerfi) sem úthlutað er til eftirlits með útvistuðum starfssviðum, þjónustu eða starfsemi,
 - f) ráðstafanir til að greina og koma í veg fyrir eða stýra hagsmunaárekstrum sem koma upp við veitingu fjárfestingar- og viðbótarþjónustu og lýsing á fyrirkomulagi afurðastjórnunar,
 - g) lýsing á kerfum til vöktunar á starfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. öryggisafritunarkerfum, séu þau til staðar, og kerfum og áhættustýringu óski fyrirtækið eftir að stunda algrímsviðskipti og/eða veita beinan, rafrænan aðgang,
 - h) upplýsingar um regluvörslu, innra eftirlit og áhættustýringarkerfi (vöktunarkerfi, innri endurskoðun og ráðgjafar- og stuðningssvið),
 - i) upplýsingar um kerfi til mats og stýringar áhættu í tengslum við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,
 - j) áætlanir um rekstrarsamfellu, þ.m.t. kerfi og mannauð (lykilstarfsmenn),
 - k) stefna um skjalastjórnun, skráahald og varðveislu skráa,
 - l) lýsing á handbók fyrirtækisins um verklagsreglur.

7. gr.

Almennar kröfur

1. Þær upplýsingar sem veita skal lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins eins og sett er fram í 1. og 6. gr. skulu taka til bæði höfuðstöðva fyrirtækisins og útibúa þess og til einkaumboðsmanna.
2. Þær upplýsingar sem veita skal lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins eins og sett er fram í 2. og 5. gr. skulu taka til höfuðstöðva fyrirtækisins.

8. gr.

Kröfur sem gilda um stjórnun verðbréfafyrirtækja sem eru einstaklingar eða verðbréfafyrirtækja sem eru lögaðilar undir stjórn eins einstaklings

1. Lögbæra yfirvaldið skal aðeins veita umsækjanda sem er einstaklingur, eða lögaðili sem er stjórnað af einum einstaklingi, starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki ef:
 - a) lögbæra yfirvaldið getur auðveldlega og með litlum fyrirvara haft samband við einstaklinginn,
 - b) einstaklingurinn hefur nægan tíma til að helga sig hlutverkinu,
 - c) stjórn eða samþykktir verðbréfafyrirtækisins veita einstaklingi umboð til að leysa framkvæmdastjórnann tafarlaust af og annast allar skyldur hans verði hinum síðarnefnda ókleift að gegna þeim,
 - d) umboðsmaðurinn samkvæmt undanfarandi lið skal hafa nægjanlega óflekkað mannorð og fullnægjandi reynslu til að vera staðgengill framkvæmdastjórnans í fjarveru hans, eða þar til nýr framkvæmdastjóri er skipaður, til að tryggja að verðbréfafyrirtækinu sé stjórnað á traustan og skynsamlegan hátt. Slíkur umboðsmaður verðbréfafyrirtækis sem er einstaklingur skal einnig vera tiltækur til að aðstoða skiptastjóra og viðkomandi yfirvöld við slitameðferð fyrirtækisins. Slíkur umboðsmaður skal vera nægilega tiltækur í þetta hlutverk.
2. Í starfsleyfisveitingarferli skal verðbréfafyrirtæki sem sækir um leyfið og er einstaklingur, eða er lögaðili sem einn einstaklingur stjórnar, veita lögbæra yfirvaldinu þær upplýsingar sem fram koma í a-, c-, d-, e- og f-lið 1. mgr. 4. gr. í tengslum við umboðsmanninn skv. d-lið 1. mgr. þessarar greinar.

9. gr.

Kröfur sem gilda um hluthafa og félagsmenn með virka eignarhluti

Lögbæra yfirvaldið skal ganga úr skugga um að umsókn um starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki, í samræmi við II. bálk tilskipunar 2014/65/ESB, veiti fullnægjandi vissu fyrir traustri og skynsamlegri stjórnun fyrirtækisins, með því að meta hæfi fyrirhugaðra hluthafa og félagsmanna með virka eignarhluti, með hliðsjón af líklegum áhrifum hvers fyrirhugaðs hluthafa eða félagsmanns með virkan eignarhlut á verðbréfafyrirtækið, út frá öllum eftirfarandi viðmiðum:

- a) orðspori og reynslu hvers einstaklings sem mun stjórna rekstri verðbréfafyrirtækisins,
- b) orðspori fyrirhugaðra hluthafa og félagsmanna með virka eignarhluti,
- c) fjárhagslegu heilbrigði fyrirhugaðra hluthafa og félagsmanna með virkan eignarhlut, einkum í tengslum við þá tegund viðskipta sem er stunduð eða áformað er að stunda í verðbréfafyrirtækinu,
- d) hvort verðbréfafyrirtækinu verður kleift að hlíta og halda áfram að hlíta þeim varfærniskröfum sem settar eru fram í 15. gr. tilskipunar 2014/65/ESB og, eftir atvikum, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB ⁽¹⁾ og 2013/36/ESB ⁽²⁾ og einkum hvort skipulag samstæðunnar sem það verður hluti af geri kleift að viðhafa skilvirkt eftirlit, skilvirk upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og að ákvarða verkaskiptingu milli lögbærra yfirvalda,
- e) hvort rökstuddur grunur er um að í tengslum við starfsleyfi verðbréfafyrirtækisins eigi peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, í skilningi 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB ⁽³⁾, sér stað eða hafi átt sér stað eða tilraun til slíks hafi verið gerð, eða um að starfsleyfi verðbréfafyrirtækisins gæti aukið hættuna á slíku.

10. gr.

Skilvirkt eftirlit

Muni verðbréfafyrirtækið starfa innan samstæðuskipulags skal það teljast hindrun fyrir því að lögbæra yfirvaldið geti sinnt eftirlitshlutverki sínu að því er varðar 1. og 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2014/65/ESB í öllum eftirfarandi tilvikum:

- a) ef það er flókið og ekki nægjanlega gagnsætt,
- b) ef það felur í sér landfræðilega dreifingu aðila í samstæðunni,
- c) ef það felur í sér að aðilar í samstæðunni annist starfsemi sem getur komið í veg fyrir að lögbæra yfirvaldið geti metið með skilvirkum hætti hæfi hluthafa eða félagsmanna með virka eignarhluti eða áhrif náinna tengsla við verðbréfafyrirtækið.

11. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal gilda frá þeim degi sem kemur fyrst fram í annarri undirgrein 1. mgr. 93. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, váttryggingafélögum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem eru hluti af samsteypu fjármálafyrirtækja og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB (Stjúd. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjúd. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverka (Stjúd. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
